

AUGLÝSING

um deiliskipulag fyrir Deildartungu II, verslunar- og þjónustusvæði, Borgarbyggð.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti á fundi sínum 13. mars 2014 breytingu á deiliskipulagi fyrir Deildartungu II, verslunar- og þjónustusvæði.

Svæðið sem tillagan tekur til er 3,5 ha og afmarkast í samræmi við skipulagsuppdrætti dagsetta 9. janúar 2014. Í breytingunni felst skilgreining á tveimur byggingarreitum, einn er umhverfis hús sem þegar hefur verið reist, hinn er í kringum fyrirhugaða byggingu fyrir verslun og þjónustu allt að 500 m². Gert er ráð fyrir 15 bílastæðum og nýjum vegi sem liggur að verslunar- og þjónustubyggingunni.

Deiliskipulagsbreytingin var auglýst samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög gera ráð fyrir.

Breytingin tekur þegar gildi.

F.h. sveitarstjórnar Borgarbyggðar, 26. júní 2014,

Lulu Munk Andersen, skipulags- og byggingarfulltrúi.